



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

---

**Skipulagsstofnun**  
**Laugavegi 166**  
**105 Reykjavík**

Reykjavík 13. febrúar 2015

## Athugasemdir við tillögu að Landsskipulagstefnu 2015 – 2026

Athugasemdir þessar varða fyrst og fremst tillögu að skipulagsstefnu á miðhálandi Íslands.

Að mati Náttúruverndarsamtaka Íslands endurspeglar tillagan hvergi nógu vel verndargildi miðhálandisins. Náttúruverndarsamtökin telja afar brýnt að miðhálandið verði skipulagt sem ein heild til að unnt sé að vernda það og stjórna nýtingu þess án þess að varanlegt tjón hljótist af.

Ekki er unnt að réttlæta frekari virkjanir, uppistöðulón, háspennulínur eða að uppbyggðir vegir verði staðsettir á hálandinu.

Verndun miðhálandisins innan Þjóðgarðs er til langs tíma eina varanlega form friðlýsingar sem unnt er að koma á með lögum frá Alþingi. Þjóðgarður myndar eina skipulagslega heild sem auðveldar mjög stjórnun og verndun. Þjóðgarður á miðhálandinu „... myndi setja Ísland á heimskortið fyrir framsýni og áræðni í umhverfismálum”<sup>1</sup> og er um leið til marks um að Ísland hafi skuldbundið sig gagnvart umheiminum til að vernda hálandið sem eina heild.

Tillaga að landsskipulagsstefnu endurspeglar ekki þau dýrmæti sem felast í óspilltu hálandi fyrir framtíðina, hversu einstakt það er á heimsvísu. Þess í stað eru markmið um uppbyggingu iðnaðar á kostnað náttúrunnar of ráðandi.

---

<sup>1</sup> Sameiginleg umsögn félagsamtaka um Rammáætlun, dags. 12. nóvember 2011.  
<http://natturuvernd.is/Sida/ID/330/Sameiginleg-umsogn-felagasamtaka->

Að því leyti er tillaga að landsskipulagsstefnu enn í sama fari og gildandi svæðisskipulag til 2015, gert fyrir 18 árum eða svo. Á því tímabili hefur ferðamönnum fjölgað gríðarlega og orðið skýrt að náttúra landsins laðar hingað ferðamenn en ekki malbikaðir vegir á öræfum, háspennulínur eða uppistöðulón.<sup>2</sup>


Fróðlegt hefði verið að sjá samanburð við Vatnajökulsþjóðgarð. Hver hefur reynslan verið af sameiginlegu skipulagi og stjórnun nýtingar og verndunar?

Ritstjóri Tímarits Máls og Menningar, Guðmundur Andri Thorsson, vitnar til orða Snorra Baldurssonar í grein sem væntanleg er í tímaritinu:

"Allt of margir eru enn fastir í þeim hugsunarhætti að íslensk náttúra sé lítils virði óbreytt og að eina leiðin til að hafa af henni arð sé sú að umbreyta henni í eitthvað annað. Þessi gamalgróni hugsunarháttur er þó hjárænulegur nú þegar um það bil 800.000 ferðamenn heimsækja landið í þeim helsta tilgangi að upplifa villta íslenska náttúru. Það á nefnilega ekki lengur við að náttúruvernd sé þjatt sem þjóðin hafí ekki efni á. Þvert á móti er hún orðin ein meginforsenda hagsældar okkar til lengri tíma litið. Landið er óendanlega mikið verðmætara sjálfgróid en virkjað og ræktað."  
Snorri Baldursson höfundur bókarinnar Lífríki Íslands í væntanlegu TMM<sup>3</sup>

Hverju orði sannara.

Virðingarfyllst,  
f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



---

<sup>2</sup> Sjá Iðnaðarferðaþjónusta, Könnun á heimsóknum, og vilja  heimsókna,  virkjana og stóriðjufyrirtækja 11.júní – 28. júní 2010 Unnið af Miðlun ehf og Rannsóknun og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf - Skjalið sendist með þessum athugasemdum sem Viðauki

<sup>3</sup> Guðmundur Andri Thorsson, færsla á Facebook 13. febrúar 2015.

Árni Finnsson